



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsagnir um skilgreiningu skólahverfis fyrir nýjan skóla í Skerjafirði

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 9. mars 2021 að senda tillögu á skilgreiningu á nýju skólahverfi fyrir nýjan skóla í Skerjafirði til umsagnar hagaðila bárust umsagnir frá eftirfarandi aðilum:

Íbúaráð Vesturbæjar.

Skólaráð Melaskóla.

Skólaráðs Hagaskóla.

Foreldrafélag Hagaskóla.

Foreldrafélag Melaskóla.

Foreldraráð leikskólans Sæborgar.

Í umsögnum segir m.a.:

Íbúaráð Vesturbæjar

Íbúaráð áframsendi beiðni um umsögn til foreldrafélaga og skólastjórnenda í Vesturbæ með beiðni um athugasemdir. Svör bárust frá skólaráðum Hagaskóla og Melaskóla og frá foreldrafélagi Hagaskóla. Þessir aðilar líta jákvæðum augum á nýtt skólahverfi í Skerjafirði.

Íbúaráð Vesturbæjar hvetur Reykjavíkurborg til að standa við áætlanir um löngu tímabærar úrbætur á húsnæði Melaskóla og Hagaskóla. Ítarlegar tillögur um þetta hafa legið fyrir um langt skeið.

Íbúaráð bendir á mikilvægi þess að áætluðum framkvæmdum seinki ekki vegna framkvæmda við nýtt skólahverfi í Skerjafirði og úrbótum á núverandi húsnæði verði hraðað.

Íbúaráð bendir á að aukinn fjöldi barna og unglunga á Skerjafjarðarsvæðinu kalli á aukna aðsókn barna í íþróttaiðkun og félagsstarf í Vesturbænum og mikilvægt sé að huga að stuðningi og samráði við íþróttafélög og félagsmiðstöðvar í Vesturbæ vegna þessa. Jafnframt verði hugað að auknum almenningssamgöngum, en þó sérstaklega að öðrum samgöngumáta barna og unglunga s.s. reiðhjól og rafhjól, frá Skerjafirði, meðfram Ægissíðu, í átt að skólum, íþróttaaðstöðu og félagsheimilum í Vesturbæ.

Skólaráð Melaskóla:

Skólaráð Melaskóla fjallaði um fyrirhugaðar breytingar á skólahverfismörkum, sendi stutta kynningu á foreldra sem búsettir eru í *stóra* og *litla* Skerjafirði, bæði suður og norður. Ein athugasemd barst frá foreldrum og var hún jákvæð. Skólaráð Melaskóla gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á skólahverfismörkum. Skólaráðið fagnar því að byggja eigi nýjan skóla í Skerjafirði sem muni þjóna íbúum þar og það sé jákvætt fyrir Melaskóla þannig að nemendum skólans fækki í framtíðinni þannig að rýmra verði um starfsemina.

Skólaráð Melaskóla setur fjögur skilyrði:

1. Að löngu tímabærar og brýnar úrbætur í húsnæðis- og aðstöðumálum Melaskóla tefjist ekki.
2. Að nemendur Melaskóla sem búsettir eru í Skerjafirði hafi fullt val um það í hvorn skólann þeir fari eftir haustið 2026 og megi klára skólagöngu sína í Melaskóla ef þeim sýnist svo.
3. Að nemendum í *litla* Skerjafirði *suður* standi til boða skólaakstur í nýja skólann.
4. Að nemendur í Skerjafirði fái að halda áfram í Melaskóla fari svo að skólinn verði ekki tilbúinn haustið 2026.

Foreldrafélag Melaskóla

Vegna mikillar og aðkallandi þarfar á úrbótum í húsnæðis- og aðstöðumálum Melaskóla er skorað á skóla- og frístundaráð að tryggja viðunandi aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk skólans án tafar. Þá er það afstaða foreldrafélagsins að ekki sé tímabært eða þörf að skilgreina skólahverfi fyrir Skerjafjörð fyrir en ljóst er orðið að skóli muni þar rísa sem hýst geti nemendur í 1. – 7. bekk.

Skólaráð Hagaskóla:

Skólaráð setur sig alls ekki upp á móti tillögunni en í núverandi húsnæði er það ekki framkvæmanlegt að unglingar í nýju skólahverfi komi í Hagaskóla. Skólaráð telur safnskóla á unglingatigi eins og Hagaskóli er til fyrirmyndar. Engu að síður er ljóst að ekki er hægt að verða við áætlaðri nemendafjölgun í Hagaskóla nema hafin verði strax á þessu ári undirbúningsvinna við nýbyggingu við Hagaskóla og framkvæmdir hefjist hið fyrsta.

Foreldrafélag Hagaskóla:

Foreldrafélagið telur að sannarlega sé þörf á að fá nýjan skóla og nýtt skólahverfi í Vesturbæinn fyrir Skerjafjörðinn og þessa fyrirhuguðu nýju byggð. Það mun léttu töluvert á Melaskóla.

Hins vegar felur tillagan í sér að 8. – 10. bekkur komi í Hagaskóla. Ekki verður séð að það sé möguleg nema að byggt verði við Hagaskóla. Ánægjulegt er að heyra að bregðast eigi við húsnæðisþörf og endurbótum á Hagaskóla sem eru löngu tímabærar og stjórnendur hafa fylgt þeim óskum eftir með góðum og ítarlegum greiningum.

Foreldrafélagið vill ekki sjá að húsnæðisvandi Hagaskóla verði leystur með færanlegum viðbótarkennslustofum á lóð skólans með tilheyrandi skerðingu á notkun nemenda á skólalóð.

Foreldraráð leikskólans Sæborgar:

Ekki eru gerðar athugasemdir varðandi skólahverfið. Því er fagnað að létt verði á Melaskóla. Síðan er lögð áhersla á að leik- og grunnskólaþjónusta verði tilbúin áður en fólk flyst í hverfið. Innviðir komi fyrst og svo fólkið.

Umsögn íbúaráðs Vesturbæjar dags. 21. apríl 2021 um tillögu um nýtt skólahverfi í Skerjafirði:

Íbúaráði Vesturbæjar barst bréf og greinargerð frá Reykjavíkurborg um áætlanir um nýtt skólahverfi í Skerjafirði, dags. 10. mars 2021. Íbúaráð áframsendi gögnin til foreldrafélaga og skólastjórnenda í Vesturbæ með beiðni um athugasemdir. Svör bárust frá skólaráðum Hagaskóla og Melaskóla og frá Foreldrafélagi Hagaskóla, fremst umsagnir sem þegar hafa verið sendar til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Þessir aðilar líta jákvæðum augum á nýtt skólahverfi í Skerjafirði.

Hins vegar lýsa aðilar miklum áhyggjum af því að um nokkuð langt skeið hefur Reykjavíkurborg kynnt áætlanir um brýnar úrbætur á húsnaði skólanna tveggja, sem alltaf hefur seinkað, og aðilar óttast að verði ekkert úr þessum löngu tímabæru úrbótum sem áætlaðar voru löngu áður en hugmyndir um nýtt skólahverfi í Skerjafirði komu fram. Og óttast að samtímis verði sami seinangangur á nýjum áætlunum um úrbætur í Hagaskóla vegna móttöku 95 nýrra nemenda úr Skerjafirði þegar að því kemur.

Íbúaráð Vesturbæjar hvetur því Reykjavíkurborg til að standa við fyrri áætlanir um löngu tímabærar úrbætur á húsnaði Melaskóla og Hagaskóla, ítarlegar tillögur um þetta hafa legið fyrir um langt skeið. Samtímis verði að tryggja að þegar taka á móti 95 nýjum nemendum úr Skerjafirði eftir um fjögur ár, þá verði framkvæmdum við nýja viðbyggingu vegna þessarar fjölgunar örugglega lokið, en reynsla vegna mikillar seinkunar slíkra áætlana er mjög slæm. Nokkuð nákvæmar áætlanir um úrbætur í báðum skólum hafa lengi legið fyrir og hvetur Íbúaráð til þess að framkvæmdir hefjist sem allra fyrst.

Einnig ber að nefna að aukinn fjöldi barna og unglinga á Skerjafjarðarsvæðinu kallar á aukna aðsókn barna í íþróttaiðkun og félagsstarf í Vesturbæ og full ástæða er til að hugað verði að stuðningi og samráði við íþróttafélög og félagsmiðstöðvar í Vesturbæ vegna þessa. Jafnframt verði hugað að auknum almenningssamgöngum (eins og nefnt er í greinargerð Reykjavíkurborgar) en þó sérstaklega að öðrum samgöngumáta barna og unglinga, þá helst reiðhjóla eða rafhjóla, frá Skerjafirði, meðfram Ægissíðu, í átt að skólum, íþróttaaðstöðu og félagsheimilum í Vesturbæ.



Umsögn skólaráðs Melaskóla

um skólahverfi í Skerjafirði

Í bréfi dags. 10. mars sl. óskar sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eftir umsögn skólaráðs Melaskóla um tillögu um skólahverfi í Skerjafirði. Um er að ræða fyrirhugaða breytingu á skólahverfi Melaskóla frá og með þeim tíma sem nýr skóli tekur til starfa í Skerjafirði. Gert er ráð fyrir að skólastarf hefjist í nýjum skóla haustið 2021.

Skólaráð Melaskóla hefur fjallað um fyrirhugaðar breytingar á skólahverfismörkunum, skv. erindi þar um frá skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar og greinargerð sem fylgdi með. Ráðið fékk á sinn fund formann skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, sem fóru yfir málið og svöruðu spurningum ráðsmanna. Þá sendi skólaráðið stutta kynningu á foreldra sem búsettir eru í viðkomandi hverfum, þ.e. Stóra Skerjafirði og Litla Skerjafirði, bæði suður og norður. Ein athugasemd barst frá foreldrum og var hún jákvæð.

Skólaráð Melaskóla gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemd við þessa fyrirhuguðu breytingu á skólahverfismörkunum. Skólaráðið telur sig ekki geta sagt til um forsendur þeirra, þ.e. að risin verði nýr skóli í Skerjafirði haustið 2026. En það er auðvitað grunnforsenda málsins og þar sem mörg ár virðast enn vera í það að skilgreining á sérstöku skólahverfi fyrir Skerjafjörð hafi þýðingu, má spyrja hvort tímabært sé að taka slíkar ákvarðanir nú. Skólaráðið fagnar því hins vegar að byggja eigi nýjan skóla í Skerjafirði sem muni þjóna þörfum íbúa þar. Þá er það jákvætt fyrir Melaskóla að þessi breyting kunni á endanum að leiða til þess að nemendum skólans fækki þannig að rýmra verði um starfsemina.

Jákvæð umsögn skólaráðsins gengur út frá eftirtöldum forsendum sem ráðið lítur á sem skilyrði:

1. Að ákvörðun um skilgreiningu skólahverfis fyrir Skerjafjörð hafi engin áhrif á ákvarðanir um löngu tímabærar og brýnar úrbætur í húsnæðis- og aðstöðumálum Melaskóla sem Reykjavíkurborg er og hefur verið fullkunnugt um svo árum skiptir. Jafnframt að þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru í þeim efnum verði teknar sem allra fyrst.
2. Að nemendur Melaskóla sem búsettir eru í Skerjafirði, hafi fullt val um það í hvorn skólann þeir fari, eftir haustið 2026 og megi klára skólagöngu sína í Melaskóla, ef þeim sýnist svo.
3. Að nemendum í Litla Skerjafirði suður standi til boða skólaakstur í nýja skólann, enda sé það skv. reglum Reykjavíkurborgar þar um.
4. Að nemendur úr Skerjafirði fái að halda áfram í Melaskóla, fari svo að skólinn verði ekki tilbúinn haustið 2026.

F.h. skólaráðs Melaskóla,

Björgvin Þór Þórhallsson
skólastjóri Melaskóla



Reykjavíkurborg,
b.t. skóla- og frístundasvið
anna.gardarsdottir@reykjavik.is

Reykjavík, 6. apríl 2021

Efni: Umsögn Foreldrafélags Melaskóla

Vísað er til bréfs Helga Grímssonar sviðsstjóra, dags. 10. mars sl. Meðfylgjandi því var tillaga um nýtt skólahverfi í Skerjafirði sem mun vera til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði. Foreldrafélagi Melaskóla var gefinn kostur á því að veita umsögn um tillöguna

Af hálfu foreldrafélagsins var m.a. leitað til foreldra í Melaskóla eftir afstöðu þeirra vegna málsins. Því byggir afstaða þessi á samskiptum við foreldra. FORMEL vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.

Algerlega óháð hugsanlegri byggingu nýs skóla í Skerjafirði eða skilgreiningu skólahverfis í Skerjafirði þá er afstaða FORMEL skýr, að það hefur verið mikil og aðkallandi þörf á úrbótum í húsnæðis- og aðstöðumálum Melaskóla í ríflega 20 ár sem Reykjavíkurborg hefur ekki sinnt. Á undanförunum árum hafa verið unnar skýrslur og úttektir og loforð gefin um að úrbóta sé að vænta en enn sýnist ekkert fast í hendi í þeim efnum. Því er skorað á Skóla og frístundaráð að tryggja viðunandi aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk skólans án tafar.

Þá er það afstaða FORMEL að ekki sé tímabært eða þörf að skilgreina skólahverfi fyrir Skerjafjörð fyrr en ljóst er orðið að skóli muni þar rísa sem hýst geti nemendur í 1. - 7. bekk en af fyrirliggjandi greinargerð sýnist helst mega ráða að þangað til séu enn mörg ár.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Foreldrafélags Melaskóla
Heimir Örn Herbertsson formaður

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hagaskóla, 18.03.2021

Umsögn um tillögu um skólahverfi í Skerjafirði

Skólaráð Hagaskóla kom saman í dag og fjallaði um tillögu þess efnis að unglingar í nýju skólahverfi í Skerjafirði komi í Hagaskóla.

Skólaráð setur sig alls ekki upp á móti þessari tillögu en í núverandi húsnæði er það ekki framkvæmanlegt.

Skólaráð telur safnskóla á unglingastigi eins og Hagaskóli er vera til fyrirmyndar.

Engu að síður er ljóst að ekki er hægt að verða við áætlaðri nemendafjölgun í Hagaskóla nema hafin verði strax á þessu ári undirbúningsvinna við nýbyggingu við Hagaskóla og framkvæmdir hefjist hið fyrsta.

Skólahúsnæði Hagaskóla er fyrir löngu orðið of lítið og hefur margoft verið bent á það af nemendum, starfsmönnum og skólastjóra Hagaskóla. Rúmlega 600 nemendur eru í Hagaskóla í mars 2021. Kennslustofur eru litlar og of fáar fyrir núverandi skólastarf og hindra áhugaverða þróunarvinna um teymiskennslu í skólanum.

Því er alveg ljóst að Hagaskóli mun ekki geta tekið við nemendum úr nýju skólahverfi fyrr en viðbygging við Hagaskóla fyrir núverandi og verðandi nemendur er tilbúin.

Virðingarfyllt

Skólaráð Hagaskóla

Þóra Björk Halldaltr
Einar Ólafsson
Johanna Sigmundsdóttir
S. Magnjórg Jónsdóttir
matthilekur Beck
STEFÁN G. SLEMPURSSON

Reykjavík, 29. mars 2021

Tillaga um nýtt skólahverfi í Skerjafirði Umsögn Foreldrafélags Hagaskóla

Með vísan í bréf dagsett 10. mars 2021 frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, þá er hér umsögn okkar um tillögu að nýju skólahverfi í Skerjafirði.

Við teljum að það sé sannarlega þörf á að fá nýjan skóla og nýtt skólahverfi í Vesturbæinn fyrir Skerjafjörðinn og þessa fyrirhuguðu nýju byggð. Í leiðinni er skólahverfi Melaskóla minnkað og nemendur færast frá Melaskóla og yfir í nýjan skóla. Það mun létta töluvert á Melaskóla og löngu kominn tími á það.

Hins vegar felur tillagan í sér að nemendur 8. - 10. bekkjar nýja skólahverfisins komi í Hagaskóla. Við getum ekki séð að Hagaskóli geti tekið við 95 nýjum nemendum nema að byggt sé við skólann. Ánægjulegt er að heyra að loksins eigi að bregðast við áralöngum beiðnum Hagaskólasamfélagsins um úrbætur varðandi húsnæðisþörf og endurbætur á skólanum. Skólastjórnendur hafa sýnt fram á það með góðum og ítarlegum greiningum/skýrslum og vísunum við til þeirra máli okkar til stuðnings. T.d. er margar kennslustofur engan veginn nógu stórar fyrir stærð bekkja. Við sjáum því ekki annað í stöðunni en að byggja þurfi við Hagaskóla ef skólinn á að geta boðið nemendum uppá viðunandi kennsluáðstöðu og einnig tekið á móti 95 nýjum nemendum.

Við vonum að skólayfirvöld bregðist strax við því og geri það almennilega með viðbyggingu við Hagskóla og endurbótum á núverandi skólabyggingum. Allra síst myndum við vilja sjá málið leyst eins og mjög oft hefur verið gert með færanlegum viðbótarkennslustofum á lóð skólans með tilheyrandi skerðingu á notkun nemenda á skólalóðinni.

Virðingarfyllst,

F.h. Foreldrafélags Hagaskóla

Pétur Ari Markússon
Formaður

11. maí 2021

Umsögn frá Foreldraráði Sæborgar varðandi tillögu um nýtt skólahverfi í Skerjafirði

Ekki eru gerðar neinar athugasemdir varðandi skiptingu á því hverjir tilheyri hvaða skólahverfi. Við fögnum því að það verði létt á Melaskóla, en þar hefur verið allt of mikið af börnum mjög lengi.

Varðandi ferli hönnunar og framkvæmda í nýja hverfinu viljum við hins vegar leggja áherslu á að skólamálin verði sett í forgang.

Það er of algengt hér á landi að fyrst séu byggðar íbúðir og fólk flytji í hverfin og svo sé ráðist í skólaframkvæmdir. En í raun ætti þetta að vera öfugt. Að innviðirnir komi fyrst og svo fólk. Sérstaklega þar sem núverandi hverfisskólar eru komnir að þolmörkum sínum, og ekki æskilegt að þeir taki við ennþá fleiri nemendum tímabundið á meðan verið er að byggja nýja skóla. Einnig er biðtími til að komast á leikskóla í hverfinu of langur.

Kveðja,

Foreldraráð Sæborgar